

**Reglur**  
**um Endurmenntunarsjóð grunnskóla**

**1. gr.**

**Um sjóðinn**

Endurmenntunarsjóður grunnskóla starfar í samræmi við bráðabrigðaákvæði II í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.

Hlutverk Endurmenntunarsjóðs grunnskóla er að veita styrki til endurmenntunar félagsmanna í Félagi grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélagi Íslands (SÍ). Sjóðurinn starfar sem sjálfstæð deild undir stjórn Námsleyfasjóðs.

**2. gr.**

**Stjórn sjóðsins og rekstur**

Stjórn Námsleyfasjóðs fer með stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskóla en Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur hans og varðveitir. Gerður er þjónustusamningur á milli stjórnar Námsleyfasjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**3. gr.**

**Tekjur sjóðsins**

Um framlög og fjármögnun sjóðsins er fjallað í bráðabrigðaákvæði II í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.

**4. gr.**

**Umsóknir**

Stjórn Námsleyfasjóðs auglýsir eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla. Umsóknarfrestur skal auglýstur ár hvert með áberandi hætti. Styrkveitingar úr sjóðnum skulu fara fram einu sinni á ári. Stjórn Námsleyfasjóðs ákveður umsóknarfrest.

Umsóknir skulu berast rafrænt á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga [www.samband.is](http://www.samband.is). Umsóknir á öðru formi verða ekki teknar gildar.

Allar upplýsingar samkvæmt auglýsingu þurfa að koma fram í umsókn.

## 5. gr.

### Forgangsverkefni

Heimilt er stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, að auglýsa úthlutun til allt að þriggja forgangsverkefna. Ef heimild þessi er nýtt skal stjórn Námsleyfasjóðs tilkynna það um leið og auglýst er eftir umsóknum um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla.

## 6. gr.

### Styrkveitingar

Framlag til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, er úthlutað samkvæmt reglum þessum til þeirra sem hyggjast standa fyrir endurmenntun félagsmanna FG og SÍ, þar á meðal grunnskóla, skólaskrifstofa, sveitarfélaga, háskóla, símenntunarstofnana, félaga, fyrirtækja og annarra sem bjóða endurmenntun fyrir félagsmenn FG og SÍ.

Styrkir eru eingöngu greiddir vegna launakostnaðar fyrirlesara. Annar kostnaður er ekki greiddur.

## 7. gr.

### Úthlutunarreglur

Stjórn Námsleyfasjóðs metur umsóknir um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla og tekur ákvörðun um úthlutun.

Umsóknum skal flokka í eftirfarandi þrjá flokka:

- a) grunnskólar
- b) skólaskrifstofur/sveitarfélög
- c) aðrir sem bjóða endurmenntun fyrir félagsmenn FG og SÍ

Umsóknir frá grunnskólum og skólaskrifstofum/sveitarfélögum skal auk þess flokka eftir landshlutum. Flokkun eftir landshlutum skal miðuð við eftirfarandi (sveitarfélög, sem tilgreind eru, tilheyra því svæði sem þau eru tilgreind í):

Reykjavíkurborg

Reykjanes, þ. e. sveitarfélögin frá Sandgerði til Mosfellsbæjar

Vesturland og Vestfirðir frá Hvalfjarðarstrandarhreppi til Bæjarhrepps

Norðurland, þ.e. frá Húnaþingi vestra til Þórshafnarhrepps

Austurland og Suðurland, þ.e. frá Skeggjastaðahreppi til Sveitarfélagsins Ölfuss

Styrkfjárhæð til grunnskóla og skólaskrifstofa/sveitarfélaga skal vera sem næst því hlutfalli sem fjöldi grunnskólanemenda á viðkomandi svæði (sbr. flokkun hér að ofan) er af heildarfjölda grunnskólanemenda á landsvísu.

Styrkfjárhæð ræðst af því fjármagni sem sjóðurinn hefur til úthlutunar og fjölda styrkhæfra verkefna hverju sinni.

## **8. gr.**

### **Nánar um mat umsókna**

Við mat á umsóknum skal miða við að:

- a) endurmenntunartilboð mæti þörfum grunnskólans
- b) skólastefna og aðalnámskrá sé höfð að leiðarljósi
- c) kröfur um fagmennsku og gæði séu uppfylltar

## **9. gr.**

### **Tilkynning um afgreiðslu**

Allar afgreiðslur skulu tilkynntar umsækjendum skriflega.

## **10. gr.**

### **Fyrirkomulag styrkveitinga**

Stjórn Námsleyfasjóðs gerir samning við styrkhafa um þau endurmenntunarverkefni sem fé er veitt til og hvernig greiðslum skuli háttað.

Að loknu endurmenntunarverkefni skal styrkþegi skila til stjórnar Námsleyfasjóðs greinargerð á þar til gerðu eyðublaði sem stjórn Námsleyfasjóðs útbýr ásamt dagskrá og þátttakendalista. Í úthlutunarbréfi og samningi er tilgreint fyrir hvaða tíma umbeðnum gögnum eigi að skila.

Styrkir eru greiddir í einu lagi þegar tilskildum gögnum hefur verið skilað og tryggt að verkefnið hafi náð fram að ganga samkvæmt umsókn.

Hafi tilskilin gögn ekki borist á tilsettum tíma fellur styrkur niður.

Í úthlutunarbréfi og samningi er tilgreint fyrir hvaða tímabil styrkur er veittur og skal endurmenntunarverkefni koma til framkvæmda á þeim tíma. Miða skal við skólaárið, þ.e. frá 1. ágúst til 31. júlí.

Nái endurmenntunarverkefni ekki fram að ganga á því skólaári sem getið er í úthlutunarbréfi og samningi fellur styrkveiting niður.

## **11. gr.**

### **Skýrsla stjórnar og endurskoðun reikninga**

Árlega skal stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, gera skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um styrkþega, fjölda verkefna og styrkfjárhæðir. Skýrsla þessi skal birt opinberlega.

Árlega skal stjórn Námsleyfasjóðs gera skýrslu þar sem gerð er grein fyrir fjárhag Endurmenntunarsjóðs grunnskóla. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu áritaðir af stjórn sjóðsins og liggja frammi hjá tilnefningaraðilum stjórnar.

*Samþykkt á fundi stjórnar Námsleyfasjóðs 9. nóvember 2015*